

**10. fundur Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 2. maí 2023
og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Krístrún Guðjónsdóttir (KG), Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkominn og athugaði hvort athugasemdir voru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fundinn lögmætan.

Dagskrá:

1. Bókasafn Tálknafjarðarðar, starfsemi 2023 - 2303022

Umfjöllun um málefni og starfsemi bókasafns.

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir, starfsmaður bókasafns, og Birna Hannesdóttir, skólastjóri, voru gestir á fundinum undir þessum lið.

Mál frá 8. fundi íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar sem fór fram 07.03.2023.

Samþykkt samhljóða að gera tilraun til að breyta kvöldopnun bókasafnsins þannig að hún verði á þriðjudögum frá kl. 18:00-19:30.

Þetta fyrirkomulag taki gildi þriðjudaginn 09.05.2023 og gildi fram að sumarlokun. Málefni bókasafnsins verði aftur tekin á dagskrá á fundi nefndarinnar í ágúst komandi og þá tekin afstaða til opunar starfsárið 2023-2024.

2. Samkomusalir, gjaldskrá - 2303021

Tillaga að gjaldskrá vegna útleigu samkomusala.

Mál frá 9. fundi íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 27.03.2023.

Framlögð tillaga að gjaldskrá vegna útleigu samkomusala í Íþróttamiðstöð og á Vindheimum er samþykkt samhljóða og er vísað til sveitarstjórnar til staðfestingar.

3. Starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar - 2304095

Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 01.07.2023.

Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd telur mikilvægt að starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar verði auglýst laust til umsóknar sem fyrst. Ráðið verði í 100% starf þar sem forstöðumaður gengur vaktir að hluta.

Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd þakkar fráfaraðandi forstöðumanni, Bjarnveigu Guðbrandsdóttur, góð störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

4. Vinnuskóli 2023 - 2304094

Farið yfir stöðu mála vegna starfsemi vinnuskóla 2023. Fram kom að auglýst hefur verið eftir flokkstjórum, en engar umsóknir hafa enn borist.

Íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd telur að forsenda þess að hægt sé að reka vinnuskóla sé að flokkstjórar fái til starfa. Nefndin telur rétt að framlengja umsóknarfrest og hvetur áhugasama um að sækja um.

5. Tómsfundafulltrúi - 2212664

Staða mála vegna ráðningar í starf tómsfundafulltrúa Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Staðan hefur verið auglýst laus að nýju og er umsóknarfrestur til 05.05.2023.

Mál frá 9. fundi íþrótt-, menningar og æskulýðsnefnd Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 27.03.2023.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:20.

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Kristrún Guðjónsdóttir (KG)

Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)